

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Eru Sjöfn Helgadóttur um einstaklinga sem leitað hafa eftir geðþjónustu.

- Hversu mörg hafa leitað til Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri vegna geðsjúkdóma eða geðvandamála undanfarin fimm ár? Hversu mörg þeirra voru lögð inn, hversu mörg hlutu göngudeildarþjónustu, hversu mörg fengu ávísað lyfjum og hversu mörgum var vísað frá? Hversu mörg þeirra sem vísað var frá höfðu áður leitað þjónustu geðdeilda?*  
*Svar óskast sundurlíðað eftir sjúkrastofnun.*

#### Landspítali.

Í töflunni hér á eftir má sjá upplýsingar um heildarfjölda einstaklinga sem leitað hafa til Landspítala eftir geðheilbrigðisþjónustu á dag-, göngu- eða bráðadeildum (ferlipjónusta) annars vegar og á legudeildum hins vegar á tímabilinu 2017–2021. Í síðasta dálki sést heildarfjöldi koma og lega hvert ár.

Ár	Fjöldi einstaklinga í ferlipjónustu Heildarfjöldi	Fjöldi einstaklinga sem var innlagður Heildarfjöldi	Komur í ferlipjónustu/innlagnir Ath. COVID áhrif 2020 og 2021
2017	7.078	1.267	49.894/2.192
2018	6.747	1.264	46.928/2.113
2019	6.815	1.241	44.161/2.017
2020	6.284	1.160	39.832/1.853
2021	5.570	1.205	37.095/2.114

Samkvæmt skráningu í sjúkraskrárkerfi Landspítala er árlegur fjöldi einstaklinga sem fær þjónustu á spítalanum vegna geðvanda og eiga skráðan lyfseðil um 2.500. Þessi tala endurspeglar ekki réttan heildarfjölda þeirra sem fá ávísað lyfjum því einungis er um að ræða samtölum þeirra einstaklinga sem eru með skráða ávísun hjá spítalanum.

Gagnagrunnar spítalans bjóða ekki sem stendur upp á að taka út heildarfjölda frávísana. Að sama skapi reyndist ekki unnt að rýna hversu margir af þeim einstaklingum sem vísað var frá höfðu áður leitað þjónustu geðdeilda. Unnið er að breyttri skráningu til að gera þetta mögulegt í framtíðinni.

#### Sjúkrahúsið á Akureyri.

Á fimm ára tímabilinu 2017–2021 voru 982 einstaklingar lagðir inn og voru innlagnir samtals 1.399 á tímabilinu. Í eftirfarandi töflu má sjá hvernig skiptingin er á tímabilinu:

Ár	Heildarfjöldi innlagðra einstaklinga	Fjöldi innlagna
2017	199	282
2018	203	311
2019	203	272
2020	182	261
2021	197	273

Fjöldi einstaklinga sem fengu þjónustu í dag- og göngudeild á umbeðnu fimm ára tímabili var alls 3.288 og voru 1.638 þeirra með fleira en eitt meðferðarferli. Fjöldi þeirra sem átti einungis eitt meðferðarferli á tímabilinu var 1.600. Komur í dag- og göngudeildarþjónustu á tímabilinu voru alls 27.801. Í eftifarandi töflu má sjá sundurliðun fjölda einstaklinga og koma á umbeðnu fimm ára tímabili:

Ár	Heildarfjöldi einstaklinga sem fá þjónustu í dag- og göngudeild	Heildarfjöldi koma á dag- og göngudeild
2017	710	5.698
2018	670	5.632
2019	655	5.867
2020	502	4.608
2021	701	5.996

Nánast allir sem fá þjónustu í dag-, göngu- eða legudeild sjúkrahússins vegna geðvanda fá einhver geðlyf af eftifarandi fimm flokkum geðlyfja: geðrofslyf, þunglyndislyf, kvíðastillandi, róandi lyf og svefnlyf, jafnvægislyf eða lyf við ADHD-vanda.

Beiðni um geðheilbrigðisþjónustu í göngudeild er stofnuð um leið og tilvísun berst. Tilvísanir berast aðallega frá heimilislæknum, öðrum einingum sjúkrahússins eða frá öðrum þjónustukerfum, svo sem VIRK eða félagsþjónustu. Beiðnum um þjónustu er vísað frá ef einstaklingur er ekki talinn tilheyra markhópi göngudeildar. Frá árinu 2016 hefur 676 einstaklingum verið vísað frá af inntökuteymi göngudeildar. Af þeim voru 503 einstaklingar sem metnir voru í þörf fyrir þjónustu á lægra þjónustustigi, 133 afþökkuðu innköllun að eigin ósk eftir að inntökuteymi samþykkti tilvísun, 15 einstaklingar mættu ekki í boðað forviðtal eftir að hafa fengið bókaðan tíma, 23 einstaklingar svöruðu ekki innköllun þrátt fyrir upphringingu og boðun með bréfi og 2 einstaklingar léztust áður en til innköllunar á göngudeild kom.

2. *Hversu mörg þeirra sem leituðu til geðdeilda undansarin fimm ár tóku eigið líf á 12 mánaða tímabili eftir að þau leituðu til geðdeilda? Hversu mörg þeirra höfðu verið lögð inn, hversu mörg hlutu göngudeildarþjónustu, hversu mörg fengu ávísað lyfsum og hversu mörgum var vísað frá? Hversu mörg þeirra sem vísað var frá höfðu áður leitað þjónustu geðdeilda?*

#### **Landspítali.**

Embætti landlæknis heldur dánarmeinaskrá og ekki er um að ræða samkeyrslu þeirrar skrár við sjúkraskrárkerfi eða aðra gagnagrunna spítalans.

#### **Sjúkrahúsið á Akureyri.**

Ekki hefur verið haldir sérstök skráning um sjálfsvíg hjá skjólstaðingum geðdeilda Sjúkrahússins á Akureyri. Vísað er til dánarmeinaskrár embættis landlæknis.

3. *Hver var meðallengd innlagnar þeirra einstaklinga sem vísað er til í 1. og 2. tölu?*

#### **Landspítali.**

Í eftifarandi töflu má sjá meðallengd innlagna á legudeildir geðþjónustu spítalans á umbeðnu fimm ára tímabili:

Ár	Innlagnir í geðþjónustu (allar)
	– meðallegutími (dagar)
2017	17,7
2018	16,1
2019	18,5
2020	17,7
2021	15,4

**Sjúkrahúsið á Akureyri.**

Í eftirfarandi töflu má sjá meðallengd innlagna á legudeild geðdeilda Sjúkrahússins á Akureyri á umbeðnu fimm ára tímabili:

Ár	Meðallengd innlagna á legudeild geðdeilda SAk
	– meðallegutími (dagar)
2017	10,1
2018	8,9
2019	11,4
2020	10,2
2021	9,7

4. Hversu mörg á mánuði leituðu að meðaltali til bráðamóttöku geðdeilda Landspítalans sl. 5 ár?

Í eftirfarandi töflu má sjá meðalfjölda koma á mánuði á bráðamóttöku geðdeilda yfir umbeðið fimm ára tímabil:

Ár	Komur á bráðamóttöku geðdeilda – meðalfjöldi á mánuði
2017	390
2018	373
2019	353
2020	335
2021	360

5. Hversu mörg á mánuði leituðu að meðaltali til bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi utan opnunartíma bráðamóttöku geðdeilda sl. fimm ár?

Í meðfylgjandi töflu má sjá meðalfjölda koma á mánuði vegna geðvanda á bráðamóttöku Landspítala í Fossvogi utan opnunartíma bráðamóttöku geðdeilda:

Ár	Komur v. geðvanda á bráðamóttöku Fossvogs utan opnunartíma BMT geð – meðalfjöldi á mánuði
2017	106
2018	89
2019	89
2020	105
2021	92